STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2022, mánudaginn 25. apríl kl. 13:00 var haldinn 318. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arnalds, Vala Valtýsdóttir, Páll Gestsson í fjarveru Brynhildar Davíðsdóttur, Björn Gíslason í fjarveru Hildar Björnsdóttur, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Fulltrúi starfsfólks var Unnur Líndal Karlsdóttir.

Einnig tók Bjarni Bjarnason, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 317 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.

2. Klukkan 13:10 mættu til fundarins Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála og Bjarni Freyr Bjarnason, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra og gerðu grein fyrir stöðu fjármála. Umræður.

   Áhættuskýrsla, dags. 19. 4. 2022, lögð fram.

3. Klukkan 13:30 mættu til fundarins Magnús Már Einarsson, forstöðumaður aðbúnaðar og Grettir Adolf Haraldsson, verkefnisstjóri og gerðu grein fyrir framkvæmdum að Bæjarhálsi 1. Umræður.

4. Klukkan 14:00 mættu til fundarins Berglind Rán Ólafsdóttir, framkvæmdastýra Orku náttúrunnar, ásamt Ingva Gunnarssyni og Völu Hjörleifsdóttur, forstöðufólk hjá Rannsóknum og nýsköpun og greindu frá nýtingu orkukosta og auðlinda OR samstæðu, sem svar við fyrirspurn frá Eyþóri Laxdal Arnalds frá SF 316. Einnig lögð fram ályktunartillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem lögð var fram í borgarráði þann 5. apríl 2022 og vísað til meðferðar stjórnar OR, um könnun á virkjanamöguleikum á starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur. Umræður. Stjórn óskar áframhaldandi skoðunar á fyrirliggjandi orkukostum. Allir möguleikar verði skoðaðir til hlítar.

5. Lagðar fram til rýni, gæðastefna og persónuverndarstefna. Lagt er til að stefnurnar verði óbreyttar. Stefnurnar rýndar og samþykktar óbreyttar.

6. Klukkan 14:50 mættu til fundarins Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri og kynnti lykilverkefnið „Áhrif loftslagabreytinga á starfsemi samstæður OR“. Umræður. Ákveðið að fá kynningu fyrir stjórn einu sinni á ári.

7. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 25. 04. 2022.

8. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

   Drög að fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrnnar ohf., dags. 25.04.2022.
   Minnisblað framkvæmdastýru Orku náttúrunnar ohf. 20.04.2022.
   Drög að fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans ehf. dags. 20.04.2022
   Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf., dags. 13.04.2022.

9. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 22. 4. 2022. Umræður.

10. Önnur mál.

    - Lagt fram svar við fyrirspurn Valgarðs Lyngdal Jónssonar frá síðasta fundi.
    - Lagt fram svar innkaupadeildar, dags. 13. 04. 2022 til D. Ing-Verk ehf., vegna innkaupa.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl.15:45

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 23. maí 2022.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Eyþór Laxdal Arndals, Páll Gestsson, Björn Gíslason,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2022, mánudaginn 28. mars kl. 13:00 var haldinn 317. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Björn Gíslason í fjarveru Eyþórs Laxdal Arndals, Vala Valtýsdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Hildur Björnsdóttir var fjarverandi. Fulltrúi starfsfólks var Unnur Líndal Karlsdóttir.

Einnig tók Bjarni Bjarnason, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerðir SF 315, SF 316 og fundargerð stjórnarfundar Orkuveitu Reykjavíkur Eigna lagðar fram og samþykktar. Fundargerðirnar verða sendar til rafrænnar undirritunar stjórnar.

2. Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála, ásamt Bjarna Frey Bjarnasyni, aðstoðarmanni framkvæmdastjóra, mættu til fundarins og gerðu grein fyrir stöðu fjármála og breytingum á fjárhagsspám vegna breyttra forsendna.

   Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 28.03.2022, um kaup á nýjum orlofshúsum fyrir starfsfólk samstæðunnar. Tillögunni fylgir greinargerð:

   Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að keypt verði orlofshús fyrir starfsfólk samstæðunnar, í stað húsa við Úlfljótsvatn, sem seld voru á síðasta ári. Annars vegar sumarbústað í Svínadal og hins vegar íbúð á Siglufirði. Heildarfjárfesting nemur 84 milljónum króna. Einnig samþykkt að heimila prókúruhöfum að undirrita samninga og önnur nauðsynleg skjöl vegna viðskiptanna.
   Eyrarskógur 78, 301 Hvalfjarðarsveit fastanr. F2333789 - Kaupverð 46.500.000,- kr.
   Íbúð 0203 að Hlíðarvegi 20, 580 Siglufirði – fastanr. F2358139 – Kaupverð 37.500.000,- kr.

   Samþykkt samhljóða.

   Lögð fram svohljóðandi tillaga forstjóra, dags. 28.03.2022 um prókúruumboð.

   Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að veita Benedikt Kjartani Magnússyni, framkvæmdastjóra fjármála, kt. 181176-5209, prókúruumboð og felur honum að tilkynna um það til fyrirtækjaskrár.

   Samþykkt samhljóða.

   Áhættuskýrsla, dags. 18. 3. 2022 lögð fram.

3. Lagt fram að nýju frá síðasta fundi, frammistöðumat stjórnar á störfum forstjóra. Einnig lagt fram minnisblað starfskjaranefndar, dags. 8. 3. 2022.

4. Lagðar fram svohljóðandi tillögur til aðalfundar:

   Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að veita stjórnarformanni umboð til boðunar aðalfundar Orkuveitu Reykjavíkur 2022, þann 28. apríl nk., í samræmi við sameignarsamning og að höfðu samráði við eigendur.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við aðalfund arðgreiðslu að fjárhæð 4.000 milljónir króna eða tæplega 1,9% af eigin fé í árslok 2021.
Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2022-2026.
Samþykkt með öllum atkvæðum nema BG sem situr hjá.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við aðalfund að Grant Thornton endurskoðunarfyrirtæki verði kosið endurskoðunarfélag Orkuveitu Reykjavíkur árið 2022.
Samþykkt samhljóða

Starfskjaranefnd Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:
Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við aðalfund að stjórnarlaun ársins 2022 verði kr. 195.951,- á mánuði fyrir aðalmann og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 54.865,- á fund.
Samþykkt samhljóða.

Fundi frestað kl 14:00 og fundur OR-eigna ohf. settur.

Klukkan 14:10 var fundur settur að nýju.

5. Lagt fram minnisblað dags. 28. 3. 2022 um rýni á mannauðsstefnu, jafnréttisstefnu og siðareglum. Ekki eru gerðar tillögur um breytingar.
Stefnurnar samþykktar óbreyttar.

Lögð fram svohljóðandi tillaga starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 28. 3. 2022, um breytingar á starfskjarastefnu. Tillögunni fylgir greinargerð:

Starfskjaranefnd Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leggur til leggur til við aðalfund að eftirfarandi breyting verði á Starfskjarastefnu OR:

*Við **6. gr. Stjórnir fyrirtækja innan samstæðu OR** bætist nýr liður, verður liður iv svohljóðandi:*

Starfsmenn samstæðunnar sem jafnframt eru stjórnarmenn í dótturfélögum njóta ekki stjórnarlauna.

Eftir breytinguna verður ákvæði 6. gr. þannig:

i. Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur sef. og Orkuveitu Reykjavíkur -eigna ohf. gerir árlega tillögu að stjórnarlaunum dótturfélaga til samþykktar á aðalfundum dótturfélaga á grundvelli starfskjarastefnu.
ii. Áður en til samþykktar kemur þarf forstjóri að upplýsa stjórn móðurfélagsins um tillöguna til að unnt sé að staðfesta samræmi hennar við stefnu móðurfélagsins.
iii. Stjórnarlaun í dótturfélögum OR eiga ekki að vera leiðandi en þó samkeppnishæf að teknu tilliti til þess að fyrirtækið er í eigu opinberra aðila
iv. Starfsmenn samstæðunnar sem jafnframt eru stjórnarmenn í dótturfélögum njóta ekki stjórnarlauna.

Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Einföldun stefna. Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri, kynnti hugmyndir að rýni eigendastefnu OR með það markmið að einfalda og sameina stefnur innan samstæðu OR. Umræður.

7. Klukkan 14:40 mætti Skúli Skúlason, framkvæmdastjóri Þjónustu til fundarins og gerði grein fyrir stöðunni hjá Þjónustu og tækifærum og áskorunum gagnvart viðskiptavinum. Umræður.

8. Elín Smáradóttir kynnti skýrslu regluvarðar fyrir starfsárin 2019, 2020 og 2021. Umræður.

   Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 28.03.2022. Tillögunni fylgir greinargerð:

   > Stjórn samþykkir eftirfarandi viðmið um það hverjir skuli skráðir á lista OR yfir aðila í stjórnunarstörfum.
   >
   > *Á lista OR yfir aðila í stjórnunarstörfum skal skrá stjórnar- og varastjórnarfólk í samstæðu OR, forstjóra OR og framkvæmdastjóra í samstæðu OR. Einnig skal skrá á listann starfsfólk eftirlitseininga í samstæðu OR en þær eru lögfræðimál, regluvarsla, áhættustýring fjárhagsáhættu og rekstrartengdrar áhættu, endurskoðun, innri sem ytri sem og endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar. Þá skal skrá á lista OR aðra yfirstjórnendur í samstæðu OR sem hafa víðtækan aðgang að gögnum og hafa heimildir til að taka ákvarðanir sem hafa áhrif á framtíðarþróun og rekstrarhorfur OR.*
   > *Til viðbótar við áðurgreinda aðila skal skrá á lista OR, aðila sem eru nákomnir þeim aðilum sem falla undir framangreinda málsgrein og uppfylla viðmið laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum.*
   > *Regluvörður upplýsir aðila í stjórnunarstarfi um skráningu viðkomandi á lista OR. Verði viðkomandi ekki við tilmælum regluvarðar um skil á yfirlýsingu um að hann og aðilar tengdir honum hafi kynnt sér tilkynningu um réttarstöðu sína og reglur sem um viðskipti þeirra gilda, ber regluverði að upplýsa stjórn um það í reglulegri skýrslu sinni til stjórnar.*

   Samþykkt samhljóða.

   Klukkan 15:35 yfirgaf Halldóra Lóa fundinn.

9. Umfjöllun um nýtingu orkukosta og auðlinda hjá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, sem óskað var eftir á SF 316 frestað til næsta fundar.

   Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 24.03.2022.

10. Farið yfir samantekt frá starfsdegi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, sem haldinn var 4.03.2022. Umræður.

11. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

    Drög að fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrnnar ohf., dags. 24.03.2022.
    Minnisblað framkvæmdastýru Orku náttúrunnar ohf. 22.03.2022.
    Drög að fundargerð stjórnarfundar Veitna ohf, dags. 24.03.2022.
    Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf., dags. 24.03.2022.
    Drög að fundargerð stjórnarfundar Carbfix ohf, dags. 23.03.2022.
    Minnisblað framkvæmastýru Carbfix ohf., dags. 21.03.2022.

12. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 24. 3. 2022. Umræður.
    Lagðar fram upplýsingar, dags. 24. 3. 2022 um skipan stjórna dótturfélaga. Samþykkt.

13. Önnur mál.

    Valgarður Lyngdal lagði fram svohljóðandi fyrirspurn:

    Undirritaður óskar svara við eftirfarandi fyrirspurn, sem og viðeigandi gagna:

    Er í gildi hjá Orkuveitu Reykjavíkur og/eða dótturfélögum hennar stefna varðandi notkun starfsmanna á samfélagsmiðlum og þátttöku þeirra í umræðum og skoðanaskiptum á þeim vettvangi? Ef svo er, hver er þá sú stefna og hvar og hvernig er hún birt og kynnt starfsmönnum?
    Einkum er óskað eftir upplýsingum um hvort til staðar sé stefna um eftirfarandi atriði og óskað er sérstaklega svara við þeim:
    1. Notkun starfsmanna á sínum persónulegu reikningum (t.d. „prófíl“ á facebook, twitter, instagram o.s.frv.) við að koma fram opinberlega fyrir hönd OR eða dótturfélaga og veita upplýsingar um starfsemi fyrirtækjanna til viðskiptavina eða samfélagsins.
    2. Notkun sömu persónulegu reikninga til að tjá persónulegar skoðanir sínar í samfélagslegri umræðu.
    3. Aðskilnað þeirrar notkunar samfélagsmiðla sem getið er í töluliðum 1 og 2.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:10.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 25. apríl 2022.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Björn Gíslason,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Reykjavíkurborg

Reykjavík, 11. apríl 2022
MSS22040080
HH

Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um könnun á virkjanamöguleikum á starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur

Á fundi borgarstjórnar þann 5. apríl 2022 var samþykkt að vísa svohljóðandi ályktunartillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur:

> Borgarstjórn ályktar að hvetja Orkuveitu Reykjavíkur til að kanna til hlítar virkjanamöguleika á starfssvæði OR. Í þessu samhengi má nefna starfssvæði OR á Hellisheiði, Borgarfirði, Ölfusi og víðar. Orkuveita Reykjavíkur er einn stærsti raforkuframleiðandi landsins og býr yfir sjálfbærum grænum orkuauðlindum sem unnt er að nýta betur. Í dag er orkuskortur á Íslandi og hefur þurft að skammta raforku víða um land. Framundan eru orkuskipti sem kalla á mun meiri raforkuframleiðslu auk þess sem bætt orkuöryggi er enn brýnna í ljósi alþjóðamála. OR getur gegnt mikilvægu hlutverki í að auka raforkuframleiðslu og bæta þannig raforkuöryggi allra landsmanna. Orkuverð hefur hækkað gríðarlega undanfarið í heiminum öllum og þar er Ísland ekki undanskilið. Ísland kaupir bensín og olíu fyrir meira en eitt hundrað milljarða á ári hverju. Hærra orkuverð leiðir til kaupmáttarrýrnunar og er Ísland í einstöku færi á að fara í orkuskiptin þar sem við höfum greiðan aðgang að grænum orkugjöfum í formi jarðhita og vatnsafls.

Það tilkynnist hér með.
Borgarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands sat hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

> Mikilvægt er að Reykjavíkurborg sendi skýr skilaboð til Orkuveitu Reykjavíkur um að kanna til hlítar virkjanamöguleika á starfssvæði OR, enda er fyrirtækið að mestu í eigu borgarinnar. Í þessu samhengi má nefna starfssvæði OR á Hellisheiði, Borgarfirði, Ölfusi og víðar. Orkuveita Reykjavíkur er einn stærsti raforkuframleiðandi landsins og býr yfir sjálfbærum grænum orkuauðlindum sem unnt er að nýta betur. Í dag er orkuskortur á Íslandi og hefur þurft að skammta raforku víða um land. Framundan eru orkuskipti sem kalla á mun meiri raforkuframleiðslu auk þess sem bætt orkuöryggi er enn brýnna í ljósi alþjóðamála. OR getur gegnt mikilvægu hlutverki í að auka raforkuframleiðslu og bæta þannig raforkuöryggi allra landsmanna. Orkuverð hefur hækkað gríðarlega undanfarið í heiminum öllum og þar er Ísland ekki undanskilið. Ísland kaupir bensín og olíu fyrir meira en eitt hundrað milljarða á ári. Hærra orkuverð leiðir til kaupmáttarrýrnunar og er Ísland í einstöku færi á að fara í orkuskiptin þar sem við höfum greiðan aðgang að grænum orkugjöfum í formi jarðhita og vatnsafls.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg

Sjálfsagt er að nota þá orku sem hægt er að ná í í náttúru landsins ef ekki er gengið á aðra þætti svo sem önnur mikilvæg náttúrugæði. Hæpið er að lækka megi orkukostnað með því að ganga að grænum orkugjöfum í formi jarðhita og vatnsafls. Benda þarf á að ef rafmagni er breytt í rafeldsneyti er orkunýtingin innan við 20% og verðið mun taka mið af því. Væri ekki rétt að byrja á að nota það vistvæna eldsneyti, afurð sem Reykjavíkurborg/SORPA framleiðir, sem nú er brennt á báli, metanið?

Helga Björk Laxdal
e.u.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi:	Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur
Sendandi:	Kristjana Kjartansdóttir, forstöðumaður Áhættustjórnunar og ferla
Dagsetning:	25.04.2022
Efni:	***Gæðastefna Orkuveitu Reykjavíkur***

Á stjórnarfundi þann 28.06.2021 var svohljóðandi gæðastefna samþykkt:

Stefna Orkuveitu Reykjavíkur er að mæta þörfum viðskiptavina með því að miðla vörum og góðri þjónustu með hagkvæmum og öruggum hætti.

Stöðugar umbætur, flæði ferla og lífsferilshugsun liggja til grundvallar allri starfseminni.

Lífsferilshugsun felur í sér heildarferilinn allt frá upplifun viðskiptavinar, upplýsingagjöf og að vinna með hliðsjón af öryggi, hagkvæmni, vistspori og förgun á líftíma.

OR leggur sérstaka áherslu á:

- virðisaukandi þjónustu

- faglega verkefnastjórnun

- hagkvæma viðhalds- og eignastjórnun

- skjala- og upplýsingastjórnun

- notkun á tækni til að auka virði og hagkvæmni

Gæðastefnan byggir á gildum og heildarstefnu OR og sett fram til samræmis við eigendastefnu.

Lagt er til að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykki svohljóðandi tillögu:

Gæðastefna OR verður samþykkt án breytinga.

Markmið og mælingar

Einn megintilgangur með gæðastefnu er að greiða fyrir tækifærum til að bæta ánægju viðskiptavina. Fyrirtækin innan samstæðunnar fylgjast stöðugt með ánægju viðskiptavina með reglubundnum þjónustukönnunum. Niðurstaða þeirra myndar vísitölu, og þróun hennar á árunum 2017 til og með 2021 er sýnd hér að neðan.



*Mælingum Ljósleiðarans á ánægju með þjónustuna var breytt á árinu 2019. Síðan þá hefur vikulega verið hringt í um 100 viðskiptavini og þau spurð út í ánægju með þjónustuna.

Veitur vakta og mæla afhendingaröryggi og var síðasta ár mjög gott rekstrarár með t.t. afhendingaröryggis. Yfirlit yfir afhendingaröyggið er að finna í ársskýrslu Orkuveitunnar.

Nokkrar áherslur og áskoranir sem tengjast gæðastefnunni:

- Virðisaukandi þjónustu

Á síðustu árum hefur verið unnið markvisst að því að byggja upp og bæta hermilíkön fyrir veitukerfin. Tilgangurinn var að bæta rekstraröryggi og styðja sérfræðinga við val á hagkvæmustu fjárfestingunum þannig að unnt sé að bæta rekstraröryggi og þjónustu. Verið er að skoða hvernig nýta megi þessi gögn í líkön til að bæta þjónustu, og hvernig hægt sé að mæla betur þjónustuveitingu ásamt ýmsum gæðamælingum s.s.. hitastigi á heitu vatni við afhendingu.

Innleiðing snjallmæla er mikilvægur liður í þessari vegferð. Nú eru snjallmælar komnir í hús hjá fyrstu viðskiptavinum og áætlað er að allir viðskiptavinir verði komnir með snjallmæla innan þriggja ára. Nánar má lesa um það verkefni á snjallmælar.is .

Orka Náttúrunnar hefur sett sér metnaðarfull markmið varðandi sjálvirknivæðingu þjónustuferla, þar sem stefnt er að því að 70% þeirra verði sjálfvirkir innan 18 mánaða.

- Fagleg verkefnastjórnun

Síðastliðin ár hefur verið lögð mikil áhersla á verkefnamenningu. Nú er að hefjast innleiðing á verkefnastjórnunarkerfi sem mun styðja við innleiðingu á breyttri menningu og verklagi.

- Skjala- og upplýsingastjórnun

Á síðustu mánuðum lauk fyrstu rafrænu skilum Orkuveitunnar til Borgarskjalasafns. Orkuveitan var fyrsta fyrirtæki Reykjavíkurborgar til að ljúka slíkum rafrænum skilum.

- Notkun tækni til að auka virði og hagkvæmni

Orkuveitan hefur undanfarin ár nýtt tækni til að auka virði og hagkvæmni. Áskorun felst í að kortleggja vegferðina, hvað búið er að gera og skipuleggja framhaldið.

Áhrif loftslagsbreytinga á starfsemi samstæðu OR

Lykilverkefni: Til fyrirmyndar í umhverfismálum

Hólmfríður Sigurðardóttir og Snorri Jökull Egilsson, Umhverfismál OR

Stjórnarfundur OR, 25. apríl 2022

Viðbrögð

Hægt að bregðast við loftslagsbreytingum með:

1. Mótvægisaðgerðum
2. Aðlögun

Þurfum að gera hvort tveggja







Hópurinn vorið 2022

Veitur: Egill Hlöðver Kári Sverrir

ON: Daði Carbfix: Kári Ljósleiðarinn: Elísabet

OR: Lilja Sædís Snorri Fríða

Áhrif loftslagsbreytinga margvísleg

Mikil áhrif á starfsemi – kortlagt 2020

- Aukin úrkomuákefð
- Auknar leysingar
- Hækkuð sjávarstaða
- Tíðari þurrkar
- Hitastigssveiflur
- Aukin tíðni illviðra
- Langtímabreytingar í vatnafari
- Breyttur meðalhiti

Áhrif á starfsemi - Nýtt 2021 og 2022

- Gróðureldar
- Eldingar og vindálag
- Skriður
- Hlaup í jökulám

Minni áhrif á starfsemi – kortlagt 2020

- Áhrif á lífríki & gróðurfar
- Bráðnun jökla
- Súrnun sjávar

Frá því síðast (apríl 2020)



Loftslagsáhættur - Aðlögun að loftslagsbreytingum

Vatns- og fráveita 3+2



HÆTTA OG ORSAKIR	RÁÐSTAFANIR
Áskorun að anna hámarks eftirspurn til framtíðar ef þurrkar og úrkomuákefð verða tíðari	Auka eftirlitsmælingar, vinna gegn óþarfa sóun, nýta tækninýjungar, fjölga mælum til að bæta sýn á og stýra dreifingu frá framleiðslu til neytenda
Örverumengun í vatnsbólum vegna flóða í leysinga- og úrkomuatburðum	Lýsa vatn, úrbætur á vinnsluholum, auka forða af miklum gæðum, auka eftirlitsmælingar, stýra vatnsgæðum og forða og stýra landnotkun við vatnsból
Gróðureldar valda tjóni á mannvirkjum og mengun í vatnsbóli	Viðbragðsáætlun, úrbætur og samráðshópur
Flóð vegna úrkomuákefðar og leysinga	Kerfislíkön, aðgreining, afkastaaukning og blágrænar ofanvatnslausnir
Flóð vegna hárrar sjávarstöðu	Endurskoðun hönnunarforsendna og frumkvæði í samvinnuverkefnum

Loftslagsáhættur - Aðlögun að loftslagsbreytingum

Rafveita 3 og hitaveitaveita 2

HÆTTA OG ORSAKIR	RÁÐSTAFANIR
Flóð í kjöllurum vegna úrkomuákefðar, leysinga og hárrar sjávarstöðu	Staðsetning dreifistöðva í hönnun Upplýsingar og samtal við skipulagsyfirvöld
Eldingar slá út búnaði og valda rafmagnsleysi	Eldingarvarar í öll mannvirkjum og allur búnaður í jörðu
Hitasveiflur og þurrkar draga úr afkasta- og dreifigetu og endingu búnaðar	Innleiðing snjallmæla, varmaleiðandi jarðvegur í kringum jarðstrengi Auka svigrúm til að mæta minni flutningsgetu
Erfitt að anna sveiflum í eftirspurn vegna hitasveiflna	Vegvísir um 100 ára sýn á auðlindir og aflspár miðað við fjölda íbúa Bætt nýting, djúpdælur, sumarhvíld
Eldingar slá út búnaði og valda rafmagnsleysi	Eldingarvarar í öllum mannvirkjum

Loftslagsáhættur - Aðlögun að loftslagsbreytingum

Orka náttúrunnar 5

HÆTTA OG ORSAKIR	RÁÐSTAFANIR
Þurrkar minnka vatnsforða	Bæta forðalíkan í Engidal og Grámel
Aukin hætta á örverumengun í vatnsbólum	Í vinnslu
Aukið vindálag á mannvirki	Styrking og endurbygging kæli-turna 1-4 og 11 á HEL. Viftuspaðar í turnum hafa brotnað á vélum 5-6
Skriður og tjón á mannvirkjum	Kortleggja svæði
Eldingar slá út búnaði og valda rafmagnsleysi	Eldingavarar í öll mannvirki

Loftslagsáhættur - Aðlögun að loftslagsbreytingum

Ljósleiðarinn 2 og OR-samstæðan 2

HÆTTA OG ORSAKIR	RÁÐSTAFANIR
Flóð í kjöllurum vegna úrkomuákefðar, leysinga og hárrar sjávarstöðu	Staðsetning dreifistöðva í hönnun Upplýsingar og samtal við skipulagsyfirvöld
Hlaup í jökulám rjúfa ljósleiðara	Athuga dýpt á plægingu
Eldingar slá út búnaði og valda rafmagnsleysi	Athuga með eldingarvarnir
Skriðuföll og tjón vegna úrkomuákefðar og bráðnunar sífrera	Kortleggja svæði

Mótvægisaðgerðir vegna loftslagsáhrifa

Orka náttúrunnar:

- Jarðhitagarður
- Vetnisframleiðsla á Hellisheiði
- Djúpborun- minna/meira CO_2?
- Hlöður og orkuskipti

Orka náttúrunnar og Carbfix:

- Sporlétt Hellisheiðarvirkjun
- Sporlétt Nesjavallavirkjun
- Lofthreinsiver á Hellisheiði

Carbfix:

- Binding CO_2 í bergi frá metanstöð Sorpu
- Sódastöðin í Straumsvík
- Hreinsun CO_2 frá stóriðju

OR:

- Rannsóknasjóður – Í vinnslu

Veitur:

- Stuðningur og samvinna við orkuskipti á landi og sjó

Frá því síðast og fram veginn



2. áfangi

- **Klára skráningu og mat í rekstraráhættugrunni**
- Þróa áætlun til að takast á við óvissuþætti
- Greina hagsmunaaðila og efla samstarf
- Útlista nákvæmlega viðeigandi aðlögunarkosti
- Kostnaðar- og ábatagreining kosta
- Forgangsraða kostum
- Þróa aðgerðaáætlun aðlögunar
- Velja vísa fyrir vöktun og mat
- Skrifa skýrslu/glærukynning?

Vöktun og mat

- Reglubundin yfirferð á loftslagsáhættum í rekstraráhættugrunni
- Stjórnendur samstæðu OR: Stutt yfirlit 2x á ári
- Stjórnir Veitna, ON, Carbfix og Ljósleiðara: 1x á ári? (borið undir stjórnir í maí
- Stjórn OR: 1x á ári?

Í lokin

Sóknartækifæri í loftslagsmálum

- Miðlæg miðstöð um loftslagsbreytingar og tilsvarandi aðlögun innviða sem m.a.:
  - Heldur utan um samstarf, rannsóknir, mælingar, líkankeyrslur og miðlar niðurstöðum
  - Miðlar samræmdum viðmiðum sem gagnast orku- og veitufyrirtækjum sem best til að aðlaga rekstur og uppbyggingu að breyttu veðurfari
- Loftlags- og aðlögunarstyrktarsjóður:
  - Styrkja rannsóknar- og þróunarsamstarf veitufyrirtækja og fræðasamfélagsins til að skilja betur áhrif loftslagsbreytinga á veitustarfsemi
  - Meginmarkmið að aðlaga rekstur og uppbyggingu að breyttu veðurfari

Ítarefni um loftslagsáhættur

Aðlögun að loftslagsbreytingum

Vatnsveita

- **Tryggja vatnsgæði, vatnsforða og betri nýtingu hans til framtíðar:**
  - Áætlanir sveitarfélaga um uppbyggingu
  - Loftlagsálag
  - Úrbætur og innleiðing á nýrri tækni (m.a. lýsing, auknar eftirlitsmælingar og betri gæðastýring) vegna tengsla örverumengunar við flóð í úrkomu- og leysingaatburðum
- **Tryggja vatnsréttindi** til langrar framtíðar.
- **Vakta vatnsforða og vatnstöku** og samspil við veðurfar og umhverfisþætti. Samvinnuverkefni sveitarfélaga á höfuðborgasvæðinu
- **Innleiða viðbragðsáætlanir og úrbætur vegna áhrifa gróðurelda** á mannvirki og vatnsgæði í samvinnu við samráðshóp hagsmunaaðila á vatnsverndarsvæðinu

Fráveita

- **Skýra væntingar eigenda OR til virkni flóðavarnar-kerfisins** (ofanvatns- og sjávarflóð). Núverandi viðmið um hönnunaratburði byggja ekki á umsömdu þjónustustigi eða reglum heldur hefð
  - Skilgreina mörk ásættanlegrar frammistöðu
  - Skoða betur viðmið
- **Ljúka gerð líkans v. yfirsýnar yfir afkastagetu fráveitu-kerfisins** m.v. byggðaþróun og veðurfarsbreytingar
- **Skýra ábyrgð og fjármögnun rannsókna á veðuratburðum** sem valda flóðum sem eru forsendur hönnunar mannvirkja
  - Líklegar og ólíklegar sviðsmyndir og forgangsraða út frá því
- **Aðgreining á blandlagnasvæðum**, bætt stýring og afkastaaukning í flutningskerfi
- **Tryggja samábyrgð í samvinnuverkefnum** Veitna, sveitar-félaga og fleiri vegna flóðahættu

Aðlögun að loftslagsbreytingum

Hitaveita

- **Vegvísir um 100 ára sýn á auðlindir** til að geta brugðist við sveiflum í eftirspurn
- **Bætt nýting:**
  - Bakvatn, dæmi:
    - Létta álagi af fráveitu, hafið í nýjum hverfum
    - Aldin biodome – Ylrækt
    - Snjóbræðsla við Borgarlínu, t.d. í nýja Ártúnshverfinu
  - Aukin fræðsla um notkun, dæmi:
    - Málþing um orkunotkun húsa (31.3.2022)
  - Snjallmælar, unnt að miða gjaldskrá við nýtni
- **Djúpdælur** svara meiri sveiflum í vatnsborði vinnslusvæða
- **Sumarhvíld** lághitasvæða

Rafveita

- **Mat á áhættu:**
  - Ísing og eldingar
    - Færa dreifikerfi í jörðu
    - Eldingarvarar í öll mannvirki
  - Hærri sjávarstaða
    - Samtal við skipulagyfirvöld um staðsetningu dreifistöðva
  - Hærri hiti og þurrkar
    - Varmaleiðandi jarðvegur í kringum jarðstrengi
- **Orkuskipti:**
  - Aflþörf og álagsstýringar
  - Snjallmælar - Bætt rauntímasýn
  - Breytileg verðskrá

Aðlögun að loftslagsbreytingum

Orka náttúrunnar

- **Tryggja vatnsforða og vatnsgæði** vegna eftirspurnar, þurrka og örverumengunar.
- **Innleiða úrbætur vegna áhrifa eldinga og vinds** á rekstur jarðvarmavirkjana

OR samstæða

- **Kortleggja áhrif eldinga** á rekstur almennt í **félögum samstæðunnar** og innleiða úrbætur
- **Kortleggja áhrif skriðufalla** á rekstur almennt í **félögum samstæðunnar** og innleiða útbætur

Ljósleiðarinn

- **Fara yfir staðsetningu og hönnun dreifistöðva** vegna flóðahættu í samvinnu við Veitur og skipulagsyfirvöld sveitarfélaga
- **Innleiða úrbætur vegna áhrifa jökulhlaupa** á rekstur ljósleiðara

21 April 2022

Hagsýni
Framsýni
Heiðarleiki

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur - SF 318
Sendandi: Snorri Jökull Egilsson, sérfræðingur í umhverfismálum OR
Dagsetning: 25. apríl 2022
Efni: **Umhverfismál fyrir stjórn OR apríl 2022. Staða þriggja árangursmælikvarða sem falla undir árangursvogina „Umhverfi og samfélag“**

Heiti mælikvarða	2019				2020				2021				2022			
	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF
Opinber leyfi Carbfix í gildi og uppfyllt																
Opinber leyfi Veitna í gildi og uppfyllt													*			
Opinber leyfi ON í gildi og uppfyllt													**			
Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti																
Staða loftslagsmælikvarða																

*1.ÁF: 53x óhreinsað skólp í sjó í Reykjavík, 3x útafakstur í Heiðmörk.
**1.ÁF: Varmamengun í lindum við Þingvallavant, 2x varmalosun við Nesjavallavirkjun, 3x varmalosun við Hellisheiðarvirkjun, vatnsborð Skorradalsvatn yfir mörkum x2

Opinber leyfi OR, ON, Veitna og Carbfix í gildi og uppfyllt

ORKUVEITA REYKJAVÍKUR:

- Ölfusvatnsáin hefur sorfið hluta af veginum á landi OR við Ölfusvatn. Send hefur verið inn beiðni til Fiskistofu um að fá leyfi til að framkvæma í og við ána.

ORKA NÁTTÚRUNNAR:

Samskipti við hagsmunaaðila:

- Vatnshæð Skorradalsvatns fór yfir efri mörk vetrarhæðar 26.-29.mars vegna mikilla leysinga.Sjálfstýring var tekin af að morgni 23.mars og lækkað í vatninu og allt fullopnað þann 25.mars.
- Fundur með hagsmunaaðilum Andakílsárvirkjunar var haldinn 19.apríl.
- Fundur með hagsmunaaðilum jarðgufuvirkjana verður haldinn 3.maí

VEITUR:

Fráveita:

Vegna úrhellis, rafmagnstruflana og bilana:

- Opnaðist neyðarlúga við Skeljanes 16 sinnum í mars en lúgan var opin í samtals 235 klst. Tilkynnt.
- Opnaðist neyðarlúga við Klettagarða 3 sinnum í mars en lúgan var opin í samtals 15 klst. Tilkynnt.
- Opnaðist neyðarlúga við Ánanaust 5 sinnum í mars en lúgan var opin í samtals 48 klst. Tilkynnt.
- Opnaðist neyðarlúga við Gufunes 7 sinnum í mars en lúgan var opin í samtals 134 klst. Tilkynnt.
- Opnaðist neyðarlúga við Faxaskjól 4 sinnum í mars en lúgan var opin í samtals 24 klst. Tilkynnt.
- Sjá mynd að neðan með yfirliti um opnanir neyðarlúga í Reykjavík.

Leyfi: Ekkert nýtt.

CARBFIX:

- Ekkert nýtt

Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti

- Styrkur brennisteinsvetnis hefur verið undir reglugerðarmörkum það sem af er ári.

Loftslagsmál

- **Áhrif loftslagsbreytinga á starfsemi samstæðu OR** kynnt á samstæðufundi OR 19. apríl, sjá einnig kynningu Umhverfismála OR á dagskrá stjórnarfundar OR. Vinnan undanfarin tvö ár hefur einkum beinst að aðlögun samstæðunnar að loftslagsbreytingum, ásamt mati og skráningu loftslagsáhættu inn í rekstraráhættugrunn samstæðunnar.
- **Málstofa vísindanefndar um loftslagsbreytingar 19. apríl**. Innlegg frá samstæðu OR um: i) heildarsýn á vænt áhrif á eftirspurn eftir bæði rafmagni og hita ii) áhrif á vatnsveitu iii) áhrif á fráveitu og iv) notkun grænna innviða. Óskað eftir upplýsingum um stöðu þekkingar, hvað hafi bæst við síðan síðasta skýrsla nefndarinnar kom út árið 2018, hvaða þekkingu vantar og hvað þurfi að skoða nánar.

.

Annað

Umsagnir um lög, reglugerðir, skipulagsáætlanir ofl: Ekkert nýtt.
Mat á umhverfisáhrifum: Ekkert nýtt.

Opnun neyðarlúga 2022



Til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur

SF 318
BL
Reykjavík 25. apríl 2022

Svar við fyrirspurn Valgarðs Lyngdal á SF 317.

Undirritaður óskar svara við eftirfarandi fyrirspurn, sem og viðeigandi gagna:

Er í gildi hjá Orkuveitu Reykjavíkur og/eða dótturfélögum hennar stefna varðandi notkun starfsmanna á samfélagsmiðlum og þátttöku þeirra í umræðum og skoðanaskiptum á þeim vettvangi?

Hjá Orkuveitu Reykjavíkur og/eða dótturfélögum er ekki í gildi nein stefna varðandi notkun starfsmanna á sínum eigin samfélagsmiðlum. Enda er tjáningarfrelsi verndað af stjórnarskrá og ekkert í ráðningarsamningi sem setur skorður við því almennt séð.

Þó er í ráðningarsamningi að finna trúnaðarskyldu en hún takmarkar tjáningarfrelsi starfsfólks að því leyti að því er óheimilt að tjá sig um hluti sem eðlilegt er að leynt fari. Trúnaðarskyldan helst þó látið sé af starfi. Að öðru leyti hefur fólk frelsi til að tjá sig og láta í ljós skoðanir sínar á almennum vettvangi, hvort sem það er í fjölmiðlum, í umræðu eða á samfélagsmiðlum.

Í ljósi trúnaðar og traustsins sem þarf að vera til staðar milli vinnuveitanda og starfsfólks á grundvelli ráðningarsamnings er mikilvægt að hafa í huga sambandið við vinnuveitandann. Hætt er við því að ef fólk er ekki hófstillt í framkomu og tjáningu þegar um er að ræða málefni sem varða fyrirtækið og starfsemi þess er alltaf hætt við því að trúnaðurinn og traustið milli aðila sem er grundvöllur sambandsins bíði hnekki.

Við þetta má bæta að um vinnusambandið gilda einnig ákvæði kjarasamnings (sem kann í einhverjum tilvikum að veita ákveðna uppsagnarvernd), sem og siðareglur og samskiptasáttmáli sem setur vissar skorður um það hvernig við komum fram.

Ef svo er, hver er þá sú stefna og hvar og hvernig er hún birt og kynnt starfsmönnum?

Sjá að ofan. Siðareglur og samskiptasáttmáli eru aðgengileg á Bókasafni Workplace OR-samstæðunnar sem allt starfsfólk okkar hefur aðgang að.

Einkum er óskað eftir upplýsingum um hvort til staðar sé stefna um eftirfarandi atriði og óskað er sérstaklega svara við þeim:

1. ***Notkun starfsmanna á sínum persónulegu reikningum (t.d. „prófíl“ á facebook, twitter, instagram o.s.frv.) við að koma fram opinberlega fyrir hönd OR eða dótturfélaga og veita upplýsingar um starfsemi fyrirtækjanna til viðskiptavina eða samfélagsins.***

Almennt séð er það þannig að þegar starfsfólk tjáir sig opinberlega fyrir hönd OR samstæðuna er það gert í samráði við stjórnanda Samskipta og samfélags. Starfsfólk hefur hinsvegar tekið þátt í umræðum í hópum á Facebook sem snúa að starfsemi fyrirtækisins og er þá eðlilegt að hlutaðeigandi viti að um starfsmann sé að ræða. Þá er engin afstaða tekin til málefna heldur verið að veita fólki upplýsingar, oft tæknilegs eðlis.

2. ***Notkun sömu persónulegu reikninga til að tjá persónulegar skoðanir sínar í samfélagslegri umræðu.***

Við skiptum okkur ekki af því. Sjá að ofan.

3. ***Aðskilnað þeirrar notkunar samfélagsmiðla sem getið er í töluliðum 1 og 2.***

Í framkvæmd bönnum við starfsfólki ekki að tjá sig. Kjósi fólks hins vegar að tjá sig eða koma fram á annan hátt, þannig að það fari gegn hagsmunum okkar og þeim gildum sem við stöndum fyrir kann að koma til þess að við teljum okkur ekki eiga samleið og að uppsögn sé eina tæka leiðin.

Það hefur verið viðurkennt fyrir dómi að vinnustað er heimilt að segja fólki upp hafi það tjáð sig með þeim hætti að fari gegn þeim viðhorfum sem vinnuveitandi vill standa fyrir, þ.e. til að vernda ákveðin gildi, t.d. jafnrétti sbr. það sem var gert í máli Kristins Sigurjónssonar lektors við HR (sjá meðfylgjandi).

Þar var tekið fram að vinnuveitendur hafi ákveðið svigrúm til að segja upp fólki svo lengi sem það er gert í samræmi við ákvæði ráðningarsamnings og kjarasamnings sem við á sem og annarra reglna sem við eiga um sambandið. Vinnuveitandi þarf þó mögulega að stíga varlega til jarðar við uppsögnina því framganga hans getur í sumum tilvikum verið þannig að hún telst ólögmæt meingerð gegn æru eða persónu starfsmannsins þannig að hann öðlist tilkall til bóta.

[rafræn undirskrift]

[Nafn]

D.Ing-Verk ehf.
Jökulhæð 3
210 Garðabæ

Reykjavík, 13. apríl 2022

Efni: Útboð nr. VEV-2022-04 „Ártúnshöfði-Eirhöfði, Færsla fráveitulagna." Svar við bréfi D.Ing-Verks ehf., dags. 8. apríl 2022.

Vísað er til bréfs D.Ing-Verks ehf. (D.Ing), dags. 8. apríl 2022, þar sem kvartað er yfir framkomu starfsmanns innkaupa hjá Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og að brotnar hafi verið reglur OR við framkvæmd ofangreinds útboðs.

OR hafnar því að reglur hafi verið brotnar við framkvæmd útboðsins. Útboðið var auglýst 18. mars sl. Í útboðsgögnum voru gerðar ýmsar kröfur til bjóðenda um hæfi, m.a. tæknilega og faglega getu, sbr. grein 1.1.5.4. Þar kom m.a. fram að bjóðandi skyldi hafa reynslu af tveimur sambærilegum verkum sem voru nánar skilgreind í greininni. Þá skyldi bjóðandi m.a. einnig hafa a.m.k. árs reynslu af vinnu í verkum þar sem hann þurfti að skila inn og vinna eftir áhættumati og ráða yfir starfsfólki með tiltekna reynslu og réttindi. Í grein 1.1.5.6. voru einnig gerðar kröfur um að bjóðendur upplýstu um tiltekin atriði varðandi gæðamál, m.a. hvort og eftir hvaða gæðakerfi væri unnið eftir og hvernig bjóðandi hygðist tryggja gæði. Skyldu bjóðendur sýna fram á með gögnum að þeir fullnægðu þessum kröfum útboðsins. Í grein 1.4.5.1, og í tilboðsbók sem var hluti útboðsgagna, var tilgreint hvaða gögnum og upplýsingum bjóðendur skyldu skila með tilboðum sínum svo þau kæmu til greina. Þá kom einnig skýrt fram í útboðsgögnum að framkvæmd útboðsins og samskipti við bjóðendur skyldu fara fram í gegnum útboðsvef OR, sbr. greinar 1.1.2, 1.4.5.1, 1.4.6 o.fl. Ein af ástæðum fyrir þessu er að útboðsvefurinn skráir allar aðgerðir með sannanlegum hætti og þannig er auðvelt að rekja eftir á hvað var gert. Með þessu er verið að tryggja gagnsæi í útboðsferlinu og jafnræði bjóðenda.

Tilboð voru opnuð 29. mars sl. og bárust tilboð frá fjórum fyrirtækjum. Átti D.Ing lægsta tilboðið en Verktækni ehf. var með næstlægsta tilboðið. Eftir yfirferð tilboðs D.Ing kom í ljós að engum gögnum hafði verið skilað um tæknilega og faglega getu og um gæðakerfi. Hinn 30. mars var fyrirtækinu því sent bréf í gegnum útboðsvef OR, eins og útboðsgögn áskildu, þar sem fyrirtækinu var gefin kostur á að bæta úr því sem var áfátt og var veittur frestur til 31. mars kl. 15:00 í því skyni. Engin svör bárust fyrir gefin tímamörk. Þrátt fyrir það var ákveðið að hinkra og gefa frekari frest til 4. apríl. Þegar engin gögn höfðu borist þá var ákveðið að kanna hvort tilboð Verktæknis ehf. væri gilt, enda ljóst að ekki væri heimilt að semja við D.Ing þar sem það hafði ekki skilað gögnum sem staðfestu að fyrirtækið fullnægði kröfum útboðsins um hæfi. Í ljós kom að upplýsingum um hæfi Verktæknis ehf. var einnig áfátt. Var því ákveðið að gefa Verktækni ehf. tækifæri til að bæta úr og var bréf þess efnis sent fyrirtækinu í gegnum útboðsvefinn 4. apríl og veittur frestur til 5. apríl kl. 15:00. Gögn frá Verktækni ehf., sem staðfestu að félagið fullnægði öllum kröfum, voru móttekin samdægurs, þ.e. 4. apríl. Í kjölfarið var tekin sú ákvörðun að semja við Verktækni ehf. og hafna tilboði D.Ing og var sú ákvörðun tilkynnt bjóðendum í gegnum útboðsvefinn með bréfi 5. apríl.

Með hliðsjón af framangreindu telur OR að rétt hafi verið staðið að framkvæmd útboðsins. Útboðsskilmálar voru skýrir um það hvaða kröfur voru gerðar til bjóðenda og hvaða gögn þeir þurfti að skila inn til að sýna fram á hæfi sitt. Þá voru útboðsgögnin skýr um það að öll samskipti skyldu fara fram

í gegnum útboðvefinn af ástæðum sem þegar hafa komið fram. OR getur hvorki gefið bjóðendum, sem ekki fullnægja kröfum um skil gagna, ítrekaða fresti til til úrbóta, né gengið á eftir þeim, t.d. með símtölum eða tölvupóstum, til að tryggja að þeir vakti útboðsvefinn. Slíkt væri bæði andstætt skýrum ákvæðum útboðsgagna og almennum jafnræðisreglum. Þá var sama verklag haft gagnvart bæði D.Ing og Verktækni ehf. Var Verktækni ehf. veittur sami frestur til úrbóta þegar í ljós kom að gagnaframlagningu var áfátt og öll samskipti við fyrirtækið fóru fram í gegnum útboðsvefinn. Þau samskipti gengu snurðulaust fyrir sig. Bjóðendur bera sjálfir ábyrgð á tilboðsgerð og að vakta samskipti á meðan útboð er í gangi. Ef bjóðendur vanda hvorki tilboðsgerð né vakta samskipti geta þeir engum nema sjálfum sér um kennt verði það til þess að ekki er unnt að ganga til samninga við þá.

Í bréfi D.Ing er fullyrt að viðkomandi starfsmaður innkaupa hafi fullyrt að ekki sé unnt að kæra niðurstöðu útboðsins. Hið rétta er að starfsmaðurinn kveðst hafa lýst þeirri skoðun að líklega væri ekki unnt að kæra útboðið til kærunefndar útboðsmála, þar sem kostnaðaráætlun verksins væri undir viðmiðunarfjárhæð vegna útboðsskyldu skv. lögum. Það væri hins vegar alveg undir fyrirtækinu sjálfu komið hvort það léti samt sem áður reyna á kæru, auk þess sem fyrirtækinu væri að sjálfsögðu alltaf heimilt að leita til dómstóla.

Með hliðsjón af ofangreindu er ekki unnt af verð við kröfu D.Ing um að fella úr gildi þá ákvörðun að hafna tilboði fyrirtækisins í útboðinu ganga til samninga við Verktækni ehf.

Virðingarfyllst,

Elentínus G. Margeirsson

Elentínus G. Margeirsson
Forstöðumaður Innkaupa OR